

h.f. Kol & Salt var orðið svo bundið skuldunaut og átti svo mikið fé í hættu, að það var knúð til að reyna til hins ýtrasta að halda skuldarum á floti og reyna um leið að girða fyrir það, að það missti ekki veðin með bráðu gjaldþroti hans. Þessi röksemd sannar því hvorki til né frá um skoðun lánardrottins á hag skuldunauts. Og hvað því loks viðvikur, að veðhafarnir hafi knúð skuldunaut til þess að framselja bú sitt til gjaldþrotaskipta, þá verður ekkert með því sannað á þann veg, sem umboðsmaður veðhafanna telur, því hér voru einnig aðrir kröfuhafar að verki, og gjaldþroti virðist ekki hafa átt annars úrkosti en að gefast upp, þegar h.f. Kol & Salt sá sér ekki lengur fært að láta honum nauðsynjar í té til framhalds atvinnurekstri.

Skiptarétturinn verður því að lita svo á, að hér sé enganveginn framkomnar þær sannanir, sem krafist er samkv. 21. gr. gjaldþrotaskiptalaganna. Verða því umræddir veðréttir að teljast ógildir gegn þrotabúinu og eru því h.f. Kol & Salt og h.f. Hamar reglulegir uppboðskaupendur að e/s Hlér, R. E. 263, á uppboðinu 20. júní þ. á., fyrir kr. 52,500,00, sem þeim ber að greiða samkvæmt uppboðsskilmálunum.

Föstudaginn 29. maí 1931.

Nr. 24/1931. **Jakob Möller og Benedikt Sveinsson**
(Pétur Magnússon).

gegn

Péttri Jakobssyni (Sjálfur).

Breytt gjalddaga víxils. Úrslit málsins komin undir því hvort breytingin hafi verið gerð fyrir eða eftir að ritað var á víxilinn.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 26. nóv. 1930: Stefnd, Jóhanna Hansen, Jakob Möller og Benedikt Sveinsson, greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt stefnandanum, Péttri Jakobssyni, kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá 25. okt. 1930 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðar-

innar í þóknun, kr. 14,60 í tilkynningar- og afsagnarkostnað og kr. 179,50 í málskostnað — allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Stefndi hefir við flutning málsins hér í réttinum samþykkt, að áfrýjendur kæmu fram með ný sakargögn án þess að novaleyfis væri aflað, og hafa áfrýjendur krafizt þess, að verða algerlega sýknaðir af kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í hæstarétti eftir mati réttarins.

Byggja þeir sýknukröfur sínar á því, að gjalddaga víxils þessa, er málið reis af, hafi verið breytt úr 15. október í 25. október, eftir að þeir rituðu nöfn sín á víxilinn og án samþykkis sin.

Þar sem afsagnargerð fór fram 27. október, eða 12 dögum eftir þann dag, er þeir telja hinn rétta gjalddaga víxilsins, telja þeir víxilréttinn glataðan gagnvart sér.

Í málinu eru framkomnar fullar sönnur þess, að gjalddaga víxilsins hafi verið breytt úr 15. október í 25. október, að sú breyting hafi verið gerð eftir að áfrýjandi, Jakob Möller, gaf víxilinn út og að samþykki hans hafi eigi verið fengið til breytingarinnar. Þar sem afsagnargerð fyrir greiðslufall víxilsins, eins og áður var getið, fór fram 27. október, verður því að telja víxilrétt glataðan gagnvart honum, samkv. 41. gr. víxillaganna, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnda í máli þessu.

Áfrýjandi, Benedikt Sveinsson, hefir einnig haldið því fram, að umrædd breyting á gjalddaga víxilsins hafi verið gerð eftir að hann ritaði nafn

sitt á víxilinn, en samþykkjandi víxilsins, er breytti gjalddaganum, hefir hinsvegar fullyrt, að breytingin hafi verið gerð áður en Benedikt ritaði nafn sitt á víxilinn. Aðrar upplýsingar hafa eigi fengizt um þetta atriði, og verða úrslit málsins því að því, er snertir áfrýjanda, Benedikt Sveinsson, samkv. lögjöfnuði frá ákvæðum Norsku laga 5—1—6, að vera komin undir eiði hans þannig, að hann skuli sýkn af öllum kröfum stefnda í máli þessu, ef hann innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, vinnur eið að því, að ákvæði víxils þessa, er ræðir um í máli þessu, um gjalddaga, hafi verið breytt úr 15. október í 25. október, eftir að hann ritaði nafn sitt á víxilinn og án samþykkis hans, en vinni hann eigi eiðinn á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því er til hans tekur.

Samkv. þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda, Jakobi Möller, 150 kr. í málskostnað í hæstarétti. Sömu upphæð greiði stefndi áfrýjanda, Benedikt Sveinssyni, í málskostnað hér í rétti, ef Benedikt vinnur eið þann, sem að framan getur, en vinni hann eigi eiðinn ber honum að greiða stefnda 150 kr. í málskostnað hér í rétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jakob Möller, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Péturs Jakobssonar, í máli þessu.

Vinni áfrýjandi, Benedikt Sveinsson, innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, eið að því, að ákvæði víxils þess, er ræðir um í máli

þessu, um gjalddaga, hafi verið breytt úr 15. október í 25. október eftir að hann ritaði nafn sitt á vixilinn og án samþykkis hans, á hann einnig að vera sýkn af öllum kröfum stefnda, Péturs Jakobssonar, í máli þessu, en vinni hann eigi eið þennan á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður að því, er til hans tekur.

Stefndi, Pétur Jakobsson, greiði áfrýjanda, Jakobi Möller, 150 krónur í málskostnað í hæstarétti og sömu upphæð greiði hann áfrýjanda, Benedikt Sveinssyni, vinni Benedikt eið þann, sem að ofan greinir. En vinni Benedikt eigi eið þennan ber honum að greiða stefnda, Pétri Jakobssyni, 150 kr. í málskostnað hér í rétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu birtri 10. og 11. þ. m. af Pétri Jakobssyni, kennara hér í bæ, gegn Jóhönnu Hansen, Bankastræti 14, Jakob Möller, Hólatorgi 2 og Benedikt Sveinssyni, Skólavörðustíg 11 A, öllum hér í bænum, til greiðslu vixils að upphæð kr. 3500,00, útgefins 4. ágúst s. l. af stefndum Jakob og samþykktis af stefndri Jóhönnu til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ $2\frac{1}{10}$ s. l., en á vixli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 27. s. m., er stefndur Benedikt ábekingur.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefnd verði in solidum dæmd til þess að greiða sér upphæð vixilsins kr. 3500,00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags. $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 14,60 í tilkynningar- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefnd, Jóhanna og Benedikt, hafa hvorki mætt né mæta látið og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir N.L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr. sbr. tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum að því er til þeirra tekur, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins með framsali til handhafa, svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti gagnvart þeim. Stefndur, Jakob, hefir hinsvegar mætt í málinu, en engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda. Verða þær því einnig teknar til greina gagnvart honum að öllu leyti. Málskostnaður ákveðst kr. 179.50.

Föstudaginn 29. maí 1931.

Nr. 79/1930. **Björgvin Vigfússon, f. h. sýslunefndar**
Rangárvallasýslu (Lárus Jóhannesson)
 gegn
Sæmundi Oddssyni og Rannveigu
Bjarnadóttur (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í hæstarétti í dezbr. mánuði f. á., var mætt í því að hálfu beggja málsaðilja, og fékk áfrýjandi þá frest með samþykki umboðsmanns hinna stefndu, en við fyrirtekt málsins 29. f. m. mætti enginn af stefnda hálfu, og hefir málið því verið rekið skriflega samkvæmt 38. gr. hæstaréttarlaganna.

Þegar mál þetta var tekið fyrir í aukarétti Rangárvallasýslu hinn 28. maí 1929, gerði stefndi, Sæmundur Oddsson, fyrir hönd eiganda jarðarinnar Eystri-Garðsauka, þá kröfu, að landamerki milli Eystri-Garðsauka og eignarinnar Stórólfsþvols